

Alþingi
Erindi nr. p 136/831
komudagur 11.2.2009

Viðskiptanefnd Alþingis.
Alþingi

Reykjavík 11^{ta} febrúar 2009.

Stjórn Samtaka fjárfesta (SF) hefur fjallað um erindi viðskiptanefndar Alþingis sem sent var samtökunum til umsagnar. Umsögn SF fer hér á eftir.

Það fyrirkomulag að hafa þrjá bankastjóra við Seðlabanka Íslands hefur verið þar við lýði allt frá stofnun hans 1961. Það hefur í sjálfu sér gefist vel en einnig er mjög skiljanlegt að við breyttar aðstæður sé ástæða til að reyna annað fyrirkomulag, með einum bankastjóra og peningastefnunefnd, líkt og fram kemur í lagafrumvarpinu.

I.

Innlendir og erlendir aðilar þ.á.m. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn (IMF) hafa um nokkurt skeið bent á að verulega skorti á gegnsæi í störfum bankans hvað varðar stefnu og ákvarðanir í vaxta- og gjaldeyrismálum. Því er ástæða til að bæta slíkum ákvæðum í lögin þannig að bankinn starfi fyrir opnari tjöldum en verið hefur. Slík aðgerð er til þess fallin að auka á traust og virðingu bankans þannig að öllum megi vera ljóst að þar sé unnið faglega að málum.

II.

Um formlega menntun seðlabankastjóra þyrfti að gefa meira svigrúm fyrir hæfa einstaklinga til að gegna því starfi. Hér hljóta fleiri prófgráður að koma til greina en sú sem nefnd er í frumvarpinu og einnig hlýtur að verða að gera kröfu til þess að þær séu frá viðurkenndum háskólum því lítil fyrirhöfn er nú til dags að verða sér út um meistargráðu í hagfræði t.d. á internetinu. Einnig er með kröfunni um meistarapróf gert óþarflega lítið úr eldri gráðu *Cand. Oecon.* sem var eina prófgráðan til lokaprófs í hagfræði við flesta háskóla á Norðurlöndum áður en breytt var um kerfi og farið að veita meistaragráður. Því er tillaga SF sú að í 3^{ju} greininni standi:

„Seðlabankastjóri skal búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum, fjármálum og bankastarfsemi og hafa lokið lokaprófi í hagfræði eða á sviði peninga- og fjármála eða sambærilegu námi frá viðurkenndum háskóla”.

III.

SF telur fyrirkomulagið, að hafa starfandi peningastefnunefnd við Seðlabankann, afar áhugavert. Lykilatriði í því að slík nefnd geti orðið að liði í þeim mikilsverðu viðfangsefnum sem Seðlabankanum eru falin er að nefndarmenn, hver og einn, séu óháðir í störfum sínum og hafi hæfileika og burði til að koma með mótaðar tillögur til umfjöllunar í peningastefnunefndinni.

Því er það tillaga okkar að í peningastefnunefnd eigi sæti seðlabankastjóri sem er formaður hennar og auk þess fjórir fulltrúar skipaðir af forsætisráðherra án tilnefningar en að þeir verði

valdir af yfirvegum og kostgæfni. Falli atkvæði í nefndinni jöfn ræður atkvæði formanns. Nefndarmennirnir uppfylli sömu menntunar- og hæfniskröfur og seðlabankastjóri. Þeir mega vera af hvaða þjóðerni sem er, séu skipaðir til átta ára og ekki verði heimilt að framlengja skipan þeirra. Seðlabankanum sé skylt að útvega nefndarmönnum allar nauðsynlegar upplýsingar og úttektir, sem þeir óska, vegna viðfangsefna og ákvarðana nefndarinnar. Í fyrstu peningamálastefnunefnd verði skipaðir einstaklingar til átta, sex, fjögurra og tveggja ára. Tillaga okkar er að 4. gr. frumvarpsins (24. gr. laganna), önnur mgr. hljóði svo:

„Í peningamálastefnunefnd situr seðlabankastjóri og fjórir einstaklingar skipaðir af forsætisráðherra sem uppfylla sömu hæfisskilyrði og seðlabankastjóri. Nefndarmenn skulu skipaðir til átta ára og ekki er heimilt að endurskipa einstaklinga sem þar hafa setið áður. Forfallist nefndarmaður, á meðan á skipunartíma hans stendur, skal nýr skipaður til loka skipunartíma þess sem forfallaðist.

[Ákvæði til bráðabirgða; þeir fjórir einstaklingar sem skipaðir verða í fyrstu peningastefnunefndina skulu skipaðir til tveggja, fjögurra, sex og átta ára.]”

Samtök fjárfesta þakka viðskiptanefnd Alþingis fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum við frv. til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands.

F.h. Samtaka fjárfesta,

Bolli Héðinsson, formaður.